



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2019

**Efni: Frumvarp til breytinga á búvörulögum, 295. mál.**

*Tilv. 201903-0014*

I

Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum, 295. mál, var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis 25. febrúar sl. Frestur var veittur til 18. mars. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

II

Samtökin benda á að sambærilegt ákvæði og lagt er til að sett verði í lögina og gildir nú um mjólkuriðnaðinn hafi skilað mikilli hagræðingu sem skilað hefur sér bæði til bænda og neytenda. Metið hefur verið að hagræðingin þar sem hún hefur náðst sé um 3 milljarðar á ársgrundvelli og þar af hafi 2/3 skilað sér til neytenda í lægra verði til þeirra en 1/3 til bænda í formi hærra afurðaverðs.

Vænta má að sambærilegur árangur gæti náðst á kjötmarkaði ef sambærileg leið yrði farin þar. Margvíslegar áskoranir eru þar framundan sem gerð er nánari grein fyrir hér að neðan:

Verulegar áskoranir eru á innlendum kjötmarkaði.

- Tollasamningur við Evrópusambandið sem tók gildi 1. maí 2018 mun auka verulega samkeppni á innlendum markaði á næstu misserum. 97,4% af tollskránni í heild eru orðin algerlega tollfrjáls ef flutt er inn frá ESB. Tæpur þriðjungur þess sem stendur eftir er á lækkuðum tollum. Það sem er eftir er ber toll, þó aðeins ef flutt er inn umfram kvóta sem eru tollfrjálsir samkvæmt ákvæðum samningsins. Þetta bætist við það sem samið



var um við ESB 2007 þegar að tollar á kjöti voru almennt lækkaðir um 40%. Sá eldri samningur er nú hluti af þeim nýja.

- Óvissa er um áhrif dóms EFTA dómstólsins frá 14. nóvember 2017, þar sem niðurstaðan var sú að ákvæði í landslögum um frystiskyldu á innfluttu kjöti bryti gegn EES samningnum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er að undirbúa frumvarp þar sem þessari skyldu er aflétt. Endurskoðunarfyrtækið Deloitte hefur metið tekjutap innlends landbúnaðar á bilinu 1,4-1,8 milljarða króna á ári. Ráðherra hefur kynnt greinargerð sem heldur því fram að sú tala sé of há en áhrifin eru samt sem áður veruleg.
- Hátt gengi íslensku krónunnar. Gengi krónunnar á síðustu þremur árum hefur sveiflast um 30% gagnvart Evru. Hátt gengi grefur undan útflutningi á kjöti eins og öðrum vörum en gerir um leið innflutning hagstæðari. Sú tollvernd sem enn stendur nægir ekki. Innflutningsverðið er lægra af framangreindum orsökum sem rýrir verðtolla sem leggjast hlutfallslega á innflutningsverðið. Krónutölur magntollana voru flestar ákveðnar í samningum frá 1995 og hafa ekki breyst síðan. Verðlagið á tímabilinu 1995-2018 hefur hækkað um 163% og hafa því magntollar frá 1995 rýrnað í samræmi við það.
- Velvilji neytenda í garð innlendarar framleiðslu er ótvíræður en upprunamerkingar eru ónógar og ekki fylgt eftir af stjórnvöldum, einkum í veitingarekstri og þjónustu. Innlendir neytendur fá því ekki alltaf upplýsingar um um hvaðan maturinn þeirra kemur, jafnvel þó þeir vilji það. Alltaf er borið við fjárskorti.
- Af sömu ástæðum er ekki nægilega skýrt dregið fram á markaði sú sérstaða sem innlend kjötframleiðsla býr þó sannarlega yfir s.s. í krafti lítillar sýklalyfjanotkunar, lítillar varnarefnanotkunar, strangra velferðarreglna, strangra reglna um réttindi starfsfólks og fleira. Auðvitað þarf atvinnugreinin sjálf að stíga fram með myndarlegum hætti til að skýra stöðu sína gagnvart neytendum, en eins og staðan er í dag er hún of veikburða til þeirrar fjárfestingar sem það krefst. Það breytir því heldur ekki að stjórnvöld eiga og þurfa að kappkosta betur að neytendur fái alltaf glöggar upprunaupplýsingar.
- Íslenskir bústofnar eru flestir einangraðir og viðkvæmir. Samstaða er um verndun þeirra en þeir geta ekki skilað sömu afurðum og samkeppnislönd auk þess sem náttúrufar hefur veruleg áhrif. Viðurkenna verður og meta þau áhrif sem þetta hefur á samkeppnisstöðu gagnvart innflutningi.



- Mörg fyrirtæki starfa í kjötframleiðslu hérlandis. Þau eru öll örlítill miðað við sambærileg fyrirtæki í samkeppnislöndum, jafnvel þó ekki sé farið lengra en til hinna Norðurlandanna.
- Fyrirtækin eru mörg burðarás í atvinnulífi í sínu byggðarlagi.
- Þrátt fyrir að landbúnaður og úrvinnsla afurða byggi að hluta til á innfluttum aðföngum má telja víst að kolefnisfótspor framleiðslu hérlandis fyrir heimamarkað sé lægra en innfluttrar að teknu tilliti til flutninga og þeirrar endurnýjanlegu orku sem nýtt er hér til framleiðslunnar. Eitt af þeim verkefnum sem vinna þarf er að meta það með formlegum hætti en það hefur ekki verið gert enn.
- Matvælaöryggi innlendu framleiðslunnar er gott og því má ekki tapa. Þá er ónefnt hlutverk innlendu framleiðslunnar við að tryggja fæðuöryggi landsmanna. Hérlandis hafa menn reyndar ekki haft miklar áhyggjur af því, en það breytir því ekki að þegar eitthvað gerist sem ógnar fæðuöryggi geta orðið til mjög stór vandamál á mjög skömmum tíma. Það eru fjölmörg dæmi í sögunni um slíka atburði og þeir gerast oftast með skömmum fyrirvara. Þá getur haft mikla þýðingu að hafa kraftmikla matvælaframleiðslu, bæði til sjávar og sveita.

### III

Til að kjötframleiðslan geti tekist á við áskoranirnar framundan þarf að koma til nýr rammi um starfsemina. Annars er hætt á að næstu misseri dragi lífsandann úr fyrirtækjunum a.m.k. þeim sem ekki hafa fleiri stöðir að byggja á. Samkeppnin er raunverulega ekki lengur á milli innlendu fyrirtækjanna, heldur við erlenda framleiðendur sem eru margfalt stærri, búa við allt aðrar framleiðsluáðstæður, önnur framleiðslutæki og í sumum tilvikum allt önnur starfsskilyrði.

Íslenskur slátur- og kjötiðnaður verður að fá að þróast til aukinnar hagræðingar til þess að eiga möguleika á að standast harðnandi samkeppni á markaði. Við viljum öllu að íslenskir neytendur geti notið heilnæmra afurða frá eigin landi.

### IV


Ef ekki á að stofna þessari starfsemi í hættu þarf að koma til ný hugsun. Fyrirtækin þurfa að fá auknar heimildir til samstarfs í því skyn að lækka kostnað og minnka umhverfisfótspor. Um leið er eðlilegt að gera til þeirra auknar kröfur á móti.

Helstu punktar gætu til dæmis verið á þessa leið.



- Heimilað verði með lögum eða undanþágu frá samkeppnislögum að hagræða í kjötvinnslum og sláturhúsum með yfirtökum, samruna, verkaskiptingu og samstarfi er lítur að lækkun kostnaðar, bættri nýtingu, lægra umhverfisfótspori og aukinni verðmætasköpun.
- Fyrirtækin geti unnið saman að verkefnum eins og flutning á sláturgripum, vinnslu, sölu og markaðssetningu hliðarafurða, vörudreifingu, þróunarverkefnum og öðru sem hefur skilgreindan ávinning í för með sér.
- Tryggja verður að lítil þjónustu- og handverkssláturhús og kjötvinnslur geti starfað með sambærilegum hætti og áður sbr. hvernig er gætt er að litlum mjólkurvinnslum í búvörulögum í dag.
- Krafa er gerð mun betri nýtingu lífræns sláturúrgangs fyrirtækjanna sem falla undir undanþáguna. Það verð með aukinni verðmætasköpun eða annarri úrvinnslu (t.d. orkuvinnslu) þar sem önnur leið er ekki fær. Á 10 árum þarf að helminga það magn
- Forsendan er alltaf samstarfið leiði til hagræðingar. Sú hagræðing á að skila sér í sterkari fyrirtækjum sem geta betur staðist aukna samkeppni og sinnt betur þörfum neytenda, en það er ekki nóg. Tryggja verður að það hagræði sem næst skili sér líka til bænda og neytenda. Fylgjast verður vel með því að það gerist.

Með vísan til ofangreinds styðja samtökin að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands  
  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir